

**Sp.**

**124. Tillaga til þingsályktunar**

**[97. mál]**

um stuðning við fiskveiðar á fjarlægum miðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Jónas Rafnar, Magnús Jónsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga til hins ýtrasta, hvernig bætt verði aðstaða íslenzkra skipa og sjómanna, er stunda fiskveiðar á fjarlægum miðum, til þess að geta hagnýtt afla sinn sem best og notið sem bests aðbúnaðar við störf sín.

**Greinargerð.**

Vegna þverrandi afla á fiskimiðunum hér við land hafa íslensk fiskiskip neyðzt til þess í æ ríkari mæli hin síðari ár að leita á fjarlæg mið. Hafa hin auðugu fiskimið við Grænlandsstrendur þá orðið fyrst fyrir. Þangað hefur verulegur hluti togaraflotans sótt, einkum s. l. sumar. Enn fremur hafa verið gerðar tilraunir til fiskveiða þar á íslenskum vélskipum. En veiðar íslenzkra skipa á þessum fjarlægum miðum hafa verið miklum erfiðleiðum bundnar. Má raunar segja, að ógerlegt sé fyrir vélbátaflota okkar að stunda veiðar þar við núverandi aðstæður.

Það, sem mestu máli skiptir fyrir íslensk veiðiskip á þessum miðum, er að fá aðstöðu til þess að leggja afla sinn upp í grænlenzkri höfn. Enn fremur þurfa þau að fá leyfi til þess að kaupa þar nauðsynjar sínar, svo sem salt, olíur, kol og vistir. Slíka aðstöðu hafa norsk veiðiskip haft á Grænlandi um nokkurra ára skeið.

Ef samkomulag næðist við stjórnendur Grænlands um þessa fyrirgreiðslu við íslensk veiðiskip, mundi af því leiða stórukna möguleika fyrir íslenska útgerð, sem mjög hefur orðið fyrir barði rányrkju erlendra veiðiskipa á heimamiðum.

Í tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að athuga til hins ýtrasta möguleika til samkomulags um þessi mál. Þar sem hér er við ágæta norræna frændþjóð að eiga, ætti að mega vænta þess, að samkomulag gæti náðst um viðunandi lausn þeirra.